

Borgarráð

Mótun menntastefnu - Erindisbréf stýrihóps og samráðsvettvangs og verk- og tímaáætlun

Hjálögð erindisbréf stýrihóps og samráðsvettvangs um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og verk- og tímaáætlun eru lögð fram til samþykktar borgarráðs.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar þann 10. janúar 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Tillagan fól m.a. í sér að skipaður verði stýrihópur fulltrúa allra flokka í borgarstjórn sem beri ábyrgð á framkvæmd vinnunnar ásamt verkefnastjórn þar sem sæti eigi fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg frá Finnlandi, með það fyrir augum að byggt verði á bestu þekkingu. Jafnframt að óskað verði eftir tilnefningum í sérstakan samráðsvettvang frá félögum stjórnenda, kennara, foreldra og nemenda sem tengjast skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Á fundi borgarráðs þann 12. janúar 2017 samþykkti borgarráð að Skúli Helgason sem jafnframt verður formaður hópsins, Líf Magneudóttir, Halldór Auðar Svansson, Sigurður Björn Blöndal, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir og Halldór Halldórsson verði skipuð í stýrihóp borgarstjórnar um menntastefnu Reykjavíkur.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps og samráðsvettvangs um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 15. febrúar 2017.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Stýrihópurinn ber ábyrgð á vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

Halda utan um, stýra og tryggja að eftirfarandi vinna eigi sér stað:

- Greining á stöðu menntamála í borginni.
- Mótun tillögu að framtíðarsýn og meginmarkmiðum í menntamálum borgarinnar til ársins 2030.
- Gerð tillögu að forgangsröðun aðgerða og aðgerðaráætlun um framkvæmd þeirra til þriggja ára.
- Náið samstarf við verkefnastjórn, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, fulltrúi Samfylkingar (formaður)

S. Björn Blöndal, fulltrúi Bjartrar framtíðar

Halldór Halldórsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks

Halldór Auðar Svansson, fulltrúi Pírata

Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina

Verkefnastjóri:

Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

- Verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg.
- Samráðsvettvangur skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, kjörnum fulltrúum og áheyrnarfulltrúum, undir forystu Dags. B. Eggertssonar borgarstjóra.
- Hagsmunaaðilar í skóla- og frístundastarfi.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2017

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

ERINDISBRÉF

Samráðsvettvangur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Bera ábyrgð á greiningu og mótun megináherslna við gerð menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Markmið:

Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

- Umræður og greining fyrirleggjandi gagna um stöðu og einkenni skóla- og frístundastarfs í borginni
- Móta sameiginlega framtíðarsýn og megináherslur menntastefnu með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.
- Móta sameiginlega aðgerðaráætlun menntastefnu í samstarfi við stýrihóp og með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.

Fulltrúar í samráðsvettvangi:

Skúli Helgason, Samfylkingin
Björn Blöndal, Björt framtíð
Halldór Halldórsson, Sjálfstæðisflokkur
Halldór Auðar Svansson, Píratar
Líf Magneudóttir, Vinstri Grænir
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, Framsókn og flugvallarvinir
Sabine Leskopf, Samfylkingin
Eva Einarasdóttir, Björt framtíð
Kjartan Magnússon, Sjálfstæðisflokkurinn
Marta Guðjónsdóttir, Sjálfstæðisflokkurinn
Hermann Valsson, Vinstri grænir
Jóna Björg Sætran, Framsókn og flugvallarvinir
Katla Hólm, Píratar
Fulltrúi skólastjóra
Fulltrúi leikskólastjóra
Fulltrúi kennara
Fulltrúi starfsfólks í leikskólum
Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva
Fulltrúi starfsfólks í frístundastarfi
Fulltrúi foreldra grunnskólabarna

Fulltrúi foreldra leikskólabarna
Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands
Ráðgjafateymi

Formaður samráðsvettvangs:

Dagur B. Eggertsson

Verkefnastjóri:

Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Náið samstarf við stýrihóp, verkefnastjórn, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2017

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson



Reykjavík, 15. febrúar 2017

SFS2017010086

112. fundur / fskj. 1/3

HG/fbj

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Erindisbréf og verk- og tímaáætlun vegna mótunar menntastefnu Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarstjórnar þann 20. desember 2016 var samþykkt tillaga um mótun menntastefnu. Í tillögunni er sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið að móta erindisbréf og verk- og tímaáætlun þar sem fram komi hlutverk og verkaskipting þeirra aðila sem koma eiga að vinnunni. Þessi gögn bar að leggja fyrir borgarráð eigi síðar en 15. febrúar 2017.

A. ~~Erindisbréf stýrihóps og samráðsvettvangs er að finna í viðaukum, en h~~lutverk og verkaskipting þeirra aðila sem koma að verkefninu er fyrirsjáanlega eftirfarandi:

1. Hlutverk stýrihóps
 - a. Halda utan um, stýra og tryggja að eftirfarandi vinna eigi sér stað:
 - a. Greining á stöðu menntamála í borginni.
 - b. Undirbúningur tillagna um framtíðarsýn, megináherslur og aðgerðaáætlun fyrir samráðsvettvang.
 - c. Móta tillögu um framtíðarsýn og megináherslur í menntamálum borgarinnar til ársins 2030, til afgreiðslu í borgarráði og borgarstjórn.
 - d. Móta tillögu um aðgerðaráætlun menntastefnu, til afgreiðslu í borgarráði og borgarstjórn.
 - e. Náið samstarf við verkefnastjórn, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa skólasamfélagsins í borginni.
2. Hlutverk verkefnastjórnar
 - a. dagleg umsjón og framkvæmd.
 - b. undirbúningur fyrir fundi stýrihóps og samráðsvettvangs.
 - c. hafa heildaryfirsýn yfir samráð við vettvanginn.
 - d. samskipti við stjórnendur á vettvangi – miðlun upplýsinga um upplegg funda.
3. Hlutverk verkefnisstjóra
 - a. Yfirsýn verkefnis.
 - b. Skipulagning tímalínu verkefnis.
 - c. Ábyrgð á dagskrá stýrihóps, samráðsvettvangs og vinnuhóps.
 - d. Fundarskráning (samþykktir, ábyrgð verkefna og tímasetningar).
 - e. Samstarf við skrifstofu borgarstjóra, formann starfshóps, formann samráðsvettvangs og formann vinnuhóps.
 - f. Ábyrgð á „skapalónum“ sem notuð eru á fundum með haghöfum.
 - g. Eftirlit með framgangi og vinnu verkefnisstjórnar og innri faghóps.
4. Hlutverk innri faghóps SFS

- a. Finna til gögn (rannsóknir, skýrslur ofl.) sem notuð eru á fundum stýrihóps og samráðsvettvangs.
 - b. Undirbúa og stýra fundum og samráðsferlum við haghafa (t.d. fundir með stjórnendum starfsstöðva, hugveitur og ungmennahóping).
 - c. Vinna úr og taka saman niðurstöður funda og samráðsferla við haghafa.
 - d. samskipti við stjórnendur á vettvangi – miðlun upplýsinga um upplegg funda sem þeir halda með starfsmönnum sínum.
5. Hlutverk samráðsvettvangs (með aðkomu stýrihóps og verkefnastjórnar)
 - a. Umræður og greining fyrirleggjandi gagna um stöðu og einkenni skóla- og frístundastarfs í borginni.
 - b. Móta sameiginlega framtíðarsýn og megináherslur menntastefnu með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.
 - c. Móta sameiginlega aðgerðaráætlun menntastefnu í samstarfi við stýrihóp og með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.
 6. Hlutverk ráðgjafateymis
 - a. Miðla meginlínunum í fræðilegri umræðu um mikilvægustu lærdóma af mótun menntastefnu.
 - b. Taka þátt í umræðu um mikilvægustu úrlausnarefni reykvískis menntakerfis.
 7. Hlutverk stjórnenda
 - a. skipulag vinnu í hverri starfsstöð.
 - b. yfirumsjón hugmyndavinnu í viðkomandi starfsstöð.
 - c. skipulag eftirvinnslu og samantektar niðurstaðna.
 - d. þátttaka í hugveitum og hverfahópingum.
 8. Hlutverk kennara/starfsfólks leik-, grunn- og frí
 - a. hugmyndavinna.
 - b. þátttaka í vinnustaðafundum, hugveitum, og hverfahópingum.
 9. Hlutverk hugveita
 - a. Fá fram framsæknar hugmyndir og framkvæmd þeirra, frá kennurum leik- og grunnskóla, fagmenntuðum starfsmönnum frístundar og foreldrum.
 10. Hlutverk almennings
 - a. Taka þátt í umræðum og forgangsröðun varðandi megináherslur menntastefnu.
 - b. Taka þátt í umræðum og forgangsröðun varðandi aðgerðaáætlun menntastefnu.

B. Verk- og tímaáætlun sem samþykkt hefur verið af stýrihópi verkefnisins er eftirfarandi:

Áfangi 1 - Hugmyndavinna og -söfnun (6. febrúar til 28. mars 2017)

Samráð

1. Mánudagur 20. febrúar, kl. 13:00-16:00, Leikskólastjórar, fagskrifstofa
2. Fimmtudagur 23. febrúar, kl. 9:00-12:00, Frístundarstjórnendur, skólahljómsveitastjórar
3. Föstudagur 24. febrúar, kl. 13:30-16:30, Grunnskólastjórar
4. Mánudaginn 6. mars, kl. 9:00-10:30, Barnafundir
5. Fimmtudagur 9. mars, kl. 8:30-11:30, Hugveita– Leikskólakennarar
6. Mánudaginn 13. mars, kl. 13.00 – 16.00, Hugveita – Skólaþjónusta, verkefnastjórar félagsauðs og frístundar
7. Mánudagur 13. mars, kl. 16:00-18:00, Hugveita – Foreldrar
8. Þriðjudagur 14. mars, kl. 8:30-11:30, Hugveita – Frístundastarfsfólk, skólahljómsveitir
9. Þriðjudagur 14. mars, kl. 13:00-16:00, Hugveita – Grunnskólakennarar

Niðurstöður fara til samráðsvettvangs og síðan stýrihóps til umræðu og samþykktar.

Áfangi 2 – Mótun framtíðarsýnar (24. mars til 26. júní 2017)

Samráð

1. Betri Reykjavík – íbúar, 27. mars til 27. apríl
2. Starfsmannafundir á öllum starfsstöðvum SFS, yfir 100 talsins, 15. maí – 29. maí

Niðurstaða fer til umræðu og ákvörðunar á vinnufundi samráðsvettvangus 14. (-15?) júní.

Áfangi 3 – Forgangsröðun og þriggja ára áætlun (10. ágúst til 27. október 2017)

Samráð

1. Betri Reykjavík – íbúar, 24. ágúst til 20. september
2. Starfsmannafundir á öllum starfsstöðvum SFS, yfir 100 talsins, 7. til 20. september
3. Hverfafundur 1, 28. september
4. Hverfafundur 2, 29. september
5. Hverfafundur 3, 2. október
6. Hverfafundur 4, 3. október
7. Hverfafundur 5, 4. október

Niðurstaða fer til samráðsvettvangs til umræðu og vinnslu.

Áfangi 4 – Samþykkt menntastefnu (30 október til 15. nóvember 2017)

1. Umræða og samþykkt stýrihóps
2. Umræða og samþykkt skóla- og frístundaráðs
3. Umræða og samþykkt borgarstjórnar